

# Auðlindastefnunefnd drög að skýrslu

**Málþing 22. júní 2012** **Arnar Guðmundsson, formaður**

Arður af auðlindum
SANNGIRNI, JAFN-RÆÐI, GEGNSÆI

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Forsætisráðuneytið

Arður af auðlindum
SANNGIRNI, JAFNRÆÐI, GEGNSÆI

# Auðlindastefnunefnd

sambykkt ríkisstjórnar 31. maí 2011


Arnar Guðmundsson, formaður

Álfheiður Ingadóttir

Gunnar Tryggvason

Indriði H. Þorláksson

Ragnar Arnalds

Svanfríður Inga Jónasdóttir

# Auðlindastefnunefnd

Fara yfir skýrslur síðustu ára um auðlindamál

- Skýrsla Auðlindanefndar frá árinu 2000
- Skýrsla um fyrirkomulag leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins
- Skýrsla starfshóps um mótun heildstæðrar orkustefnu frá 2011

Draga saman hagnýtar tillögur að heildstæðri stefnu

Ekki sjálfstæðar úttektir, rannsóknir eða viðtöl

Forsætisráðuneytið

Arður af auðlindum

SANNGIRNI, JAFN-RÆÐI, GEGNSÆI

# 3 stoðir heildstæðrar auðlindastefnu

**Rannsóknir, stefnumótun og ráðgjöf um verndun eða nýtingu.**

**Ákvarðanir um nýtingu í atvinnu-skyni,**
skilyrði sem sett eru um umgengni við auðlind eða gæði sem nýta á og eftirlit með nýtingu.

**Umsýsla ríkisins sem eiganda og/eða umsjónaraðila,**
hvernig handhafar sérleyfa til nýtingar eru valdir, gjaldtaka fyrir sérleyfi, skipting auðlindarentu milli þjóðar og sérleyfishafa og tímalengd sérleyfa.

Forsætisráðuneytið

Arður af auðlindum

SANNGIRNI, JAFNRÆÐI, GEGNSÆI

# 3 stoðir heildstæðrar auðlindastefnu

**Rannsóknir, stefnumótun og ráðgjöf um verndun eða nýtingu**

**Ákvarðanir um nýtingu í atvinnuskyni,**

skilyrði sem sett eru

um

og eftirlit með

nýtingu.

**Umsýsla ríkisins sem eiganda og/eða umsjónaraðila,**

hvernig handhafar sérleyfa til nýtingar eru valdir, gjaldtaka fyrir sérleyfi, skipting auðlindarentu milli þjóðar og sérleyfishafa og tímalengd sérleyfa.

**Fyrstu tvær stoðirnar utan verksviðs nefndarinnar enda traustar**

**Auðlindastefnunefnd lítur á þrjár víddir sjálfbærrar þróun sem nokkurs konar sniðmát eða mælikvarða á stefnu um auðlindaumsýslu ríkisins.**



# Skýr heildstæð auðlindastefna

**Skapa sátt** og stöðugleika til **framtíðar** um auðlindamál

Ganga hvorki á **rétt komandi kynslóða**
né **rekstrarhæfi** og **vaxtarmöguleika** auðlindagreinanna

# Þrjár meginforsendur skv erindisbréfi auðlindastefnunefndar:

**Nýtingarrétti** auðlinda í eigu þjóðarinnar verði aðeins úthlutað **tímabundið**, gegn **eðlilegu gjaldi** og með **gegnsæjum hætti** á grundvelli **jafnræðissjónarmiða**.

# Þrjár meginforsendur skv erindisbréfi auðlindastefnunefndar:

**Nýtingarrétti** auðlinda í eigu þjóðarinnar verði aðeins úthlutað **tímabundið**, gegn **eðlilegu gjaldi** og með **gegnsæjum hætti** á grundvelli **jafnræðissjónarmiða**.

Meðferð arðsins af auðlindunum, auðlindarentunnar, skal vera **þjóðinni sýnileg** og **auðlindaarðinum skipt** með **réttlátum hætti**.

# Þrjár meginforsendur skv erindisbréfi auðlindastefnunefndar:

**Nýtingarrétti** auðlinda í eigu þjóðarinnar verði aðeins úthlutað **tímabundið**, gegn **eðlilegu gjaldi** og með **gegnsæjum hætti** á grundvelli **jafnræðissjónarmiða**.

Meðferð arðsins af auðlindunum, auðlindarentunnar, skal vera **þjóðinni sýnileg** og **auðlindaarðinum skipt** með **réttlátum hætti**.

Stofnaður verði **Auðlindasjóður**.

## Þrjár meginforsendur skv erindisbréfi auðlindastefnunefndar:

**Nýtingarrétti** auðlinda í eigu þjóðarinnar verði aðeins úthlutað **tímabundið**, gegn **eðlilegu gjaldi** og með **gegnsæjum hætti** á grundvelli **jafnræðissjónarmiða**.

Meðferð arðsins af auðlindunum, auðlindarentunnar, skal vera **þjóðinni sýnileg** og **auðlindaarðinum skipt** með **réttlátum hætti**.

Stofnaður verði **Auðlindasjóður**.

+ nýting auðlinda skapi hagsæld og velferð í nútíð og framtíð, sé sjálfbær og skynsamleg og stuðli að aukinni þekkingu.

# Auðlindarenta

Auðlindarenta myndast m.a. í atvinnugrein sem byggir á sérleyfum til nýtingar náttúruauðlinda. Hún er sá umframhagnaður sem eftir stendur þegar atvinnugreinin hefur greitt allan rekstrarkostnað og staðið undir eðlilegri ávöxtun þess fjár sem bundið er í greininni með tilliti til þeirrar áhættu sem í rekstrinum felst.

# Skilaleiðir auðlindarentu

Útboð sérleyfa til nýtingar

Auðlindarentuskattur

Auðlindagjald

# Arður af endurnýjanlegum auðlindum

Ekki safnað í sjóð heldur ráðstafað með sýnilegum hætti í verkefni og málaflokka

Auðlindareikningur verði hluti ríkisreiknings. Þær tekjur ríkisins sem rekja má til auðlindaarðs þjóðarinnar verða teknar saman og birtar sérstaklega

Endanleg ákvörðun um ráðstöfun tekna af Auðlindareikningi verði í höndum Alþingis við gerð fjárlaga, eins og á við um aðrar tekjur og verkefni ríkisins

# Arður af óendurnýjanlegum auðlindum

Auðlindareikningur í þágu hagsmuna þeirra komandi kynslóða sem ekki munu njóta viðkomandi auðlinda vegna núverandi nýtingar.

Þekktasta fyrirmyndin að slíkum sjóði er hinn svokallaði olíusjóður Norðmanna eða „lífeyrissjóður norsku þjóðarinnar“. Auðlindaarðinum af olíulindum Norðmanna var fyrst varið til að greiða niður skuldir ríkisins og síðan því lauk hefur hann verið ávaxtaður með fjárfestingum undir stjórn sérstakrar deildar í norska seðlabankanum fyrir hönd fjármálaráðuneytisins.

# Meðferð auðlindaarðsins

Nærsamfélög þurfa oft að færa fórnir og taka á sig kostnað vegna nýtingar, þróunar og hagræðingar í einstökum auðlindagreinum

Hluti auðlindaarðsins renni til verkefna í þessum samfélögum, ekki síst til eflingar innviða og fjölbreyttara atvinnulífs

Með þeim hætti getur auðlindaarðurinn orðið undirstaða öflugri byggða og atvinnulífs um land allt

Slík ráðstöfun er einnig mikilvæg til að tryggja sátt um fyrirkomulag auðlindamála

# Meginmarkmið heildstæðrar auðlindastefnu

**Varanlegur eignar- og yfirráðaréttur** þjóðarinnar yfir sameiginlegum auðlindum sínum og arði af þeim verði **tryggður**.

**Auðlindaarður** þjóðarinnar af nýtingu auðlinda sinna verði sýnilegur og honum **ráðstafað** með **sýnilegum hætti**.

# Auðlindastefnunefnd tekur undir tillögur í skýrslu Auðlindanefndar frá árinu 2000 og frá Stjórnlagaráði frá árinu 2011

í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

verði ákvæði um **ævarandi**

**þjóðareign** á auðlindum.

# Mikilvægi sýnileika auðlindaarðsins

**Almenn vitund** um verðmæti auðlindanna og sýnilegt framlag þeirra til samfélagsins leiðir til þess að **ákvarðanir** um aðra ráðstöfun auðlindaarðsins þarf að **rökstyðja vel og skýra fyrir þjóðinni.**

# Aðgreining

Auðlindir

Sérleyfi til nýtingar

# Tímalengd sérleyfa til nýtingar

Lýðræðisleg krafa að **næstu kynslóðir** geti tekið ákvarðanir um útgáfu sérleyfa til nýtingar auðlinda sinna en séu **ekki bundnar** af mjög löngum sérleyfum

VS

Mikilvægt að **hámarka auðlindarentuna** sem eigandi auðlindarinnar fær af nýtingu hennar með því að taka **tillit** til hagsmuna **sérleyfishafa**

# Eðli auðlindar og fjárfestingar og tímalengd sérleyfa

| Áhrifaþættir | + | ÷ |
|---|---|---|
| Endurgreiðslutími fjárfestingar | langur | stuttur |
| Hreyfanleiki framleiðslutækja | enginn | mikill |
| Markaður með sérleyfi | óvirkur | virkur |

# Auðlindareikningur

**Markmið**

Skapa skýran og varanlega ramma um stefnu ríkisins um auðlindaumsýslu.

Tryggja þjóðinni arðinn af auðlindum sínum til frambúðar.

Gera rentu af auðlindum þjóðarinnar og meðferð auðlindaarðsins sýnilega.

**Tillögur**

Sett rammalöggjöf þar sem markmið og grundvallaratriði auðlindastefnu eru skilgreind og hlutverk auðlindaumsýslu og Auðlindareiknings ákveðin.

Hlutur ríkisins í auðlindarentu verði tekinn saman og birtur sérstaklega í Auðlindareikningi sem tekjur ríkissjóðs og ráðstöfun fjárveitingarvaldsins á auðlindaarðinum til tiltekinna málaflokka og verkefna verði gerð sýnileg þjóðinni.

Auðlindareikningur, settur upp af skrifstofu auðlindaumsýslu, verði birtur Alþingi sérstaklega og ræddur í aðdraganda afgreiðslu fjárlaga áður en Alþingi ráðstafar auðlindaarðinum með fjárlögum.

# Skrifstofa auðlindaumsýslu

## Markmið

Samhæfð stjórnsýslu auðlindamála hvað varðar úthlutun sérleyfa, gjaldtöku og mat á leiðum til að innkalla hluta auðlindarentu.

Tryggja að tímalengd sérleyfa taki mið af almannahagsmunum, þ.e. hámörkun auðlindarentu, ábyrgri auðlindastjórnun og jafnræði.

## Tillögur

Skrifstofa auðlindaumsýslu haldi utan um hagsmuni ríkisins sem eiganda eða umsjónaraðila auðlinda fyrir hönd þjóðarinnar.

Skrifstofa auðlindaumsýslu beri ábyrgð á uppsetningu Auðlindareiknings og skýrslu til Alþingis um auðlindaarð þjóðarinnar.

Skrifstofa auðlindaumsýslu sjái um mat á þáttum sem áhrif hafa á æskilegan hámarkstíma sérleyfa til nýtingar í atvinnuskyni og tillögugerð um útfærslu gjaldtöku.

# Umsýsla auðlinda eftir eðli þeirra

- ✓ Fá sérleyfi til úthlutunar
- ✓ Staðbundin auðlind
- ✓ Erfitt að koma á virkum markaði með sérleyfi

→ Tímabundin úthlutun með "fegurðarsamkeppni byggt á rannsóknaráætlunum, reynslu af auðlindastjórnun o.fl.

Auðlindaarður metinn og innheimtur með auðlindaskatti

Á við um:

**Kolvetni** (olía og jarðgas)

**Orkuauðlindir** (vatnsföll og jarðvarmi)

# Umsýsla auðlinda eftir eðli þeirra

- ✓ Fjöldi millifæranlegra sérleyfa
- ✓ Auðlind ekki staðbundin
- ✓ Virk markaðsmyndun sérleyfa

Tímabundin úthlutun

a. á grundvelli reynslu
b. í vaxandi mæli með útboðum

Auðlindaarður innheimtur með

a. auðlindagjaldi, byggt á auðlindarentu
b. útboðum þar sem staðan í greininni myndar verð sérleyfa

Á við um:

**Nytjastofnar sjávar**

**Losunarheimildir** (sbr. ný lög frá Alþingi)

# Umsýsla auðlinda eftir eðli þeirra

- ✓ **Lítil en vaxandi eftirspurn eftir sérleyfum**
- ✓ **Staðbundin auðlind**
- ✓ **Verðlagning sérleyfa í mótun**

Tímabundin úthlutun eftir atvikum með "fegurðarsamkeppni" eða útboðum.

Fylgst með myndun auðlindarentu og áskilja rétt til auðlindaarðs

Móta nýtingarstefnu og skapa fordæmi

<u>Á við um:</u>

**Aðra nýtingu í atvinnuskyni í þjóðlendum**

**Ferskvatn**

Arður af auðlindum

SANNGIRNI, JAFN-RÆÐI, GEGNSÆI

Forsætisráðuneytið